

Dags eftirlits	23.11.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Ísteka ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Grensásvegur 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6112003150	Flokkur	Lyfjaiðnaður
Fulltrúi fyrirtækis	Eydís Sigvaldadóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Alexander Ingvarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru skráð í eftirlitinu en gerð var ein ábending um gólfhalla.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í Ísteka á Eirhöfða þann 23. nóvember 2022. Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Boðað umfang eftirlitsins var:

1. Umfang starfseminnar
2. Upplýsingar frá stofnuninni
3. Samskipti og samráð
4. Verkstjórn og takmörkun aðgangs
5. Móttaka, hráefnisgeymslur og spilliefni
6. Öryggisblöð
7. Skráningar
8. Skýrslugjöf
9. Umhverfisupplýsingar
10. Önnur mál
11. Vettvangsskoðun

1. Umfang starfseminnar kemur fram í innsendri ársskýrslu og er undir þeim mörkum sem fram koma í starfsleyfinu.

2. Upplýsingar um möguleika stofnunarinnar til að leggja á stjórnvaldssektir og leiðbeiningar stofnunarinnar um viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar voru sendar til rekstraraðila fyrir eftirlitið.

3. Farið var yfir þær upplýsingar sem stofnunin hefur um fyrirtækið og þær upplýsingar sem vantaði eða voru rangar voru skráðar í skráningakerfi stofnunarinnar.

4. Samantekt úr öryggisblöðum eru á veggjum þar sem efni eru notuð, mappa með öryggisblöðum er til staðar á lagernum. Leiðbeiningar eru til staðar fyrir mengunaróhöpp: Viðbrögð við efnaleka og viðbrögð við neyðarástandi. Einnig er til verkferill fyrir þjálfun starfsfólks.

5. Móttaka hráefna og hráefnisgeymslur eru í afmörkuðum hluta byggingarinnar að Eirhöfða. Opið niðurfall er á milli hráefnisgeymslunnar og framleiðslusalarins. Nauðsynlegt er að kanna gólfhalla til að athuga hvort það renni í niðurfallið af báðum svæðum.

6. Mappa með öryggisblöðum er til staðar í starfseminni svo og aðgangur að rafrænum öryggisblöðum.

7. Farið var yfir skráningar sbr. gr. 4.1 í starfsleyfinu. Allar skráningar voru til staðar í eftirlitinu.

8. Rekstraraðili skilaði ársskýrslu fyrir árið 2021. Skilað var einni ársskýrslu fyrir báðar starfsstöðvarnar. Í ársskýrsluna vantaði upplýsingar um þjálfun og reynslu starfsfólks og upplýsingar um viðhald og viðgerðir á mengunarvarnarbúnaði.

9. Skila skal grænu bókhaldi og losunarbókhaldi fyrir 1. maí ár hvert.

10. Engin starfsemi var í gangi þegar eftirlitið fór fram.

11. Gengið var um húsakynni rekstraraðila og aðstaðan skoðuð.

ÁBENDINGAR

Athuga þarf gólfhalla í kringum opið niðurfall milli hráefnisgeymslu og framleiðslusalar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

08.12.2022



Kristín Kröyer